

## Suðurlandsvegur opnaður á undan áætlun



Búið er að opna nýja hluta Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss. Samkvæmt Guðmundi Björnssyni hjá verkfæðistofunni Hnit, sem sér um eftirlit með framkvæmdum fyrir Vegagerðina, stendur nú til að klára vinnu við tengingar á hinum nýja Ölfusvegi, sem liggur undir brúna við Kotströnd og tengja hann við núverandi hringveg, en það var ekki hægt að gera það fyrir en umferð var komin á nýja veginn. Guðmundur segir framkvæmdir við Suðurlandsveg almennt hafa gengið mjög vel og að þær séu nokkuð á undan áætlun, en upphaflega var gert ráð fyrir að framkvæmdum lyki í septemberlok 2023 en að útlit sé fyrir að það verði í júní-júlí. Mynd: Dagskráin/ÁRÓ

## Fundust á Vatnajökli níu tímum eftir hjálparkall

Björgunarsveitir frá Hvolsvelli og austur að Höfn í Hornafirði voru kallaðar út rétt fyrir klukkan 15 á laugardag þegar hjálparbeiðni barst frá hópi fólk sem var að ganga yfir Vatnajökul á gönguskíðum. Kona í hópnum hafði fallið og fengið farangurssleða sem hún dró á eftir sér, í höfuðið, en samkvæmt upplýsingum frá Landsbjörgu var ástand konunnar stöðugt. Skyggni á leitarsvæðinu var afar lélegt og mjög krefjandi skilyrði.

Hópur að austan hélt upp

Skálfellsjökul og lagði á jökul á vélsléðum, breyttum bílum og snjóþíl. Að vestan hélt björgunarfólk inn að Jökulheimum til að leggja þaðan á snjóþíl og breyttum bílum. Upp úr klukkan 19 bættust björgunarsveitir frá höfuðborgarsvæðinu og Austfjörðum við leitarflokkinn en vedurútlit var slæmt og fannst fólkid ekki þar sem talið hafði verið að þau væru, en samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörgu var þreifandi bylur á leitarsvæðinu um sjö leytið á laugardagskvöld.



Rétt fyrir miðnætti fannst hópurinn og búið var um hin slösuðu, áður en þau voru flutt niður af jöklinum.



Guðmundur Ögmundsson, fyrrverandi formaður Kára, tekur við viðurkenningu frá Ara Fossdal, stöðvarstjóra Icelandair á Akureyri.

## Björgunarsveitin Kári hlaut Verndarvæng Icelandair

Björgunarsveitin Kári í Öræfum hlaut Verndarvæng Icelandair á Landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sem fram fór á Akureyri um síðustu helgi. Verndarvængurinn er viðurkenning sem Icelandair veitir björgunarsveit fyrir eftirkortarvert starf. Ari Fossdal stöðvarstjóri Icelandair á Akureyri afhenti sveitinni viðurkenningu.

Björgunarsveitin Kári er fámann sveit sem leggur afar mikilvægt lóð á vogarskáldar við að stuðla að öryggi ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu. Sveitin sinnir stóru svæði og eru um 100 kílómetrar í næstu sjúkrabíla og aðrar bjargir. Mikið álag hefur verið á herðum sveitarinnar sem sinnir fyrsta viðbragði ef eitt-hvað kemur upp á.

„Slysavarnarfélagið Landsbjörg gegnir lykilhlutverki í almannavarnarkerfi okkar Íslendinga. Við höfum um árabil átt í mjög góðu samstarfi við félagið og sem það flugfélag sem flytur flesta ferðamenn til Íslands líttum við á það sem skyldu okkar að leggja okkar af mörkum til að stuðla að auknu öryggi ferða-

manni. Björgunarsveitin Kári er fámann en mjög óflug og sinnir stóru svæði sem fjöldi ferðamanna heimsækir ár hvert. Það er því mjög ánægjulegt að geta stutt við þeirra ófluga starf,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair.

Icelandair hefur átt í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörg frá árinu 2014 og verið einn af aðalstyrktaraðilum félagsins. Auk þess eiga félögin í viðtæku samstarfi er varðar forvarnir, upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna, öryggisþjálfun og gerð viðbragðsáætlana.

Otti Rafn Sigmarrsson, formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar segir viðurkenningu mjög mikilvæga og hvetjandi til góðra verka fyrir þá sem hana hljóta. „Björgunarsveitin Kári er kannski fámann sveit, en afar mikilvæg í því neti bjarga sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur byggt upp um land allt. Því mikilvægasta björgunarsveitin er jú alltaf sú sem er næst, þegar óhapp verður,“ segir Otti.

## Fáðu fagmann í verkið



## VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



Skoðaðu vöruúrvalið á [www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)

Bilanaust Hrísmyri 7, Opið  
800 Selfossi Mán - fós 8 - 18  
S. 484 4200 Lau 10 - 14



## „Svo gaman að taka loksins þetta júrógigg almennilega“

**D**aði Freyr Pétursson stal sensunni þegar hann steig loksins á svið á úrslitakvöldi Eurovision í fjórðu tilraun. Í fyrstu tilraun lento Daði og Gagnamagnið í öðru sæti í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2017. Í annarri tilraun, árið 2020, unnu Daði og Gagnamagnið í Söngvakeppninni, en eins og margir muna var Eurovision aflyst vegna heimsfaraldurs. Í þriðju tilraun, ári síðar, gátu þau ekki stigið á svið vegna kórónuveisrusmits innan hópsins.

„Þetta var allt eins og það átti að vera. Svo gaman að taka loksins þetta júrógigg almennilega.“

Nú fer ég á fullt í plötuútgáfu,“ segir Daði Freyr í samtali við Dagskrána.

Daði flutti Atomic Kitten-slagarann *Whole again* við brjálaðar undirtekir áhorfenda. Eftir flutninginn mátti sjá fólk allsstaðar að úr heiminum dásama Daða og flutninginn á samfélagsmiðlum. Atriðið var hluti af yfirferð yfir tónlistarsögu Liverpool og bar heitið *The Liverpool Songbook* og stóðu 50 „Daðar“ á sviðinu í Gagnamagnspeysem og dönsuðu með Daða sem skemmti sér augljóslega mjög vel við flutninginn.

HGL



## Níu ára Selfyssingur hljóp 10 km á 47,52 mínútum

**A**ndri Már Óskarsson, níu ára á Selfossi, hefur á tæpum mánuði sigraði í fjórum götu- og víðavangshlaupum á Suðurlandi. Fyrsta hlaupið var Flóahlaupið í Flóahrepp sem fram fór 16. apríl síðastliðinn. Þar var Andri Már fyrstur í 3 km flokki 14 ára og yngri. Hann kom í mark á 13,59 mínútum.

Annað hlaupið var Hjörleifshöfðahlaup Kötlu Jarðvangs

sem haldið var í Vík í Mýrdal laugardaginn 22. apríl og var Andri fyrstur í 2,5 km flokki sem bæði fullorðnir og börn tóku þátt í. Andri Már hljóp á tímanum, 12,11.

Priðja hlaupið er Stúdió sport hlaupið sem fram fór á Selfoss mánudaginn 1. maí en þar kepti Andri Már í 10 km hlaupi í flokki 15 ára og yngri. Hann sigraði á tímanum 47,52. Það er

HSK met í flokki 11 ára drengja í 10 km götuþaupi og bætti hann metið um tæpar sjö mínutur. Einnig náði hann bestum árangri drengja í Hóþshlaupinu á Eyrarbakka sem fram fór í apríl og maí en þar er tekinn samanlagður árangur úr þremur hlaupum.

María Ben Ólafsdóttir



## Geisli, Vetrargjöf, Félagi og Traustur vinur

**S**amband sunnlenskra kvenna stendur reglulega fyrir fjárfölnu og rennur allur ágóði hennar í Sjúkrahússjóð SSK. 95. Ársfundur SSK var haldinn 29. apríl og þar var kynnt nýtt fjárfölnarverkefni. Það eru tæki-færiskort án texta með myndum af íslenskum húsdýrum. Myndirnar málaði Gunnhildur Þórunn Jónsdóttir úr Kvenféluginu Bergþóru V-Landeyjum og bera þær heitin Geisli, Vetrargjöf, Félagi og Traustur vinur. Fallegar myndir sem gaman er að gefa og ekki er verra ef þær eignast framhaldslíf í ramma uppi á vegg hjá

félaganna á sambandsvæðinu. Tækifæriskortin hafa fengið góðar viðtökur og þökkum við innilega fyrir það. Það eru 4 kort í pakka á kr. 2.500,- Kvenfélöginn á sambandsvæðinu eru mörg hver með þau til sölu og einnig er hægt að panta kort hjá

johannalilja09@gmail.com og tryggur55@simnet.is  
Með þessum fallegu myndum sendir Samband sunnlenskra kvenna sumarkveðju til ykkar allra með þakklæti fyrir ómetanlegan stuðning og vonast til að eiga ykkur áfram að.



## Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keyrla@keyrla.is](mailto:keyrla@keyrla.is) - [www.keyrla.is](http://www.keyrla.is) - [/keyrla.is](https://facebook.com/keyrla)

## Landsvirkjun

Útboð nr. 2023-85

### HVM-01 Aðkomuvegur Hvammsvirkjunar, vegagerð og efnisvinnsla

Óskað er eftir tilboðum í verkið HVM-01, Aðkomuvegur Hvammsvirkjunar, vegagerð og efnisvinnsla samkvæmt útboðsgögnum nr. 2023-85.

Um er að ræða undirbúningsframkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar [utbod.landsvirkjun.is](http://utbod.landsvirkjun.is)

**Tilboðum skal skila í gegnum  
útboðsvefinn fyrir 16.06.2023 kl. 14.**

Nöfn bjóðenda og heildar tilboðsfjárhæðir verða tilkynnt bjóðendum eftir opnun tilboða.

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um þrennilegum og/eða myndregum. Tilloð gilda aðeins 17. maí í verslun BYKO Selfossi á meðan birtgörir endast.



**-30%**  
**AF ÖLŁUM  
BLAUM  
BOSCH\***

\* gildir eingöngu 17. maí

**BYKO SELFOSSI 17. MAÍ KL. 10-17**

# **BOSCH DAGUR Á SELFOSSI**

**BOSCH SÉRFRÆÐINGUR MÆTIR Á SVÆÐIÐ OG  
ÞÚ GETUR PRÓFAÐ HIN ÝMSU TÆKI**

**EF ÞÚ KAUPIR BLÁAN BOSCH MEÐ RAFHLÖÐU  
FYLGIR ÖNNUR EINS RAFHLAÐA MEÐ Í KAUPUNUM**

**HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG**



Guðni, fyrrum landbúnaðarráðherra, með Flugfreyju, ásamt Evi og Eik sem halda á Kalla kóng og Díönu.

## Karl konungur og Kamilla á Stóru-Reykjum

Forystuær Margrétar Hauksdóttir og Guðna Ágústssonar, Flugfreyja, bar krýningarnottina þegar Karl tók við starfi sem konungur Englands. Auðvitað kom hún með þrjú lömb. Fyrstur fæddist Karl í mórauðri hempu með hvítu krúnu, svo kom hún Kamilla, svört með hvítu krúnu en síðust fæddist hún Díana, móflekkott gimbur.



Eva og Eik með Kamillu sem fór fóstur til annarrar móður til að léttu á Flugfreyju.

## Fasteignamarkaðurinn í Þorlákshöfn er lifandi

Í janúar 2023 lhóf Byr fasteignasala sölu á íbúðum í fyrsta áfanga í nýja miðbænum í Þorlákshöfn. Elín Káradóttir löggiltur fasteignasali og eigandi Byr fasteinasölu er ánægð með viðtökurnar og segir þær hafa farið fram úr björtstu vonum.



„Fyrsti áfangi verkefnisins í Móabyggð í Þorlákshöfn er svo gott sem seldur og sá næsti er kominn í sölu. Viðtökurnar hafa verið frábærar og tel eg að íbúðirnar í Klettamá 7 og 9 sem eru fjortán talsins muni fara hratt líka. Pessi hluti Móabyggðarinnar sem er í byggingu núna verður í heild með 78 íbúðir í 11 húsum. Í hverju húsi verða 6 eða 8 íbúðir ásamt geymslum og allar með sérinngangi. Íbúðirnar eru frá 67,7 m<sup>2</sup> til 95,8 m<sup>2</sup>, það er 3 til 4 herbergja íbúðir. Uppbyggingin í Þorlákshöfn er að draga fólk að og einnig eru verðin á íbúðunum viðráðanlegri en annars staðar. Íbúðirnar eru líka vel staðsettar í hjarta nýja miðbæjarins í Þorlákshöfn sem er að risa norðan Selvogsbrautar og stutt er í alla helstu þjónustu, verslun, skóla og leikskóla,“ segir Elín.

Þrátt fyrir verðbólgu og háastýrivexti segir Elín að markaðurinn sé ekki stopp og eignir séu að seljast.

„Ég er ekki sammála því að fasteignamarkaðurinn sé orðinn stopp, það er sala og eignir eru að seljast þrátt fyrir hertar kröfur Seðlabanka Íslands og hærri vexti á íbúðalánum. Hægt er að kaupa íbúðir á viðráðanlegu verði úti á landi, til dæmis í Móabyggð í Þorlákshöfn sem er að eins í 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík og margir sem búa þar sækja vinnu til Reykjavíkur. Atvinnuupþygging og aukin atvinnuteikfæri eru til staðar ásamt öflugu mannlífi sem og frábær grunnþjónusta sem hefur hagsmuni fjölskyldufolks að leiðarljósi“. Þá hvetur Elín ungt fólk til að horfa til Þorláks-hafnar og byrja sín fyrstu skref á fasteignamarkaðnum fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

„Hamingjan er sannarlega í Þorlákshöfn“ segir Elín að lokum.

## Sunnlenski matgæðingurinn

Eiríkur Sigmarsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka Helgu ritstjóra fyrir traustið. Ég er í raun að hlaupa í skarðið þar sem um forföll voru um að ræða. Ég ætla að brjóta út af vananum og bjóða uppá vegan rétt þessa vikuna. Minn betri helmingur hún Freyja hefur lengi veið að gjóða eftir því hvort mætgæðingur vikunnar sé með vegan rétt og ætla ég að verða að hennar ósk. Ég leitaði einnig aðstoðar gervigreindar innar ChatGPT við úrvinnslu þessarar uppskriftar, þar sem ég er óttalegur slumpari sjálfur. Þótt uppskriftin sé vegan þá er auðveldlega hægt að skipta út tófú fyrir kjúkling.

### Vegan butter „chicken“

1 tófú (eða sojabitar að eigin vali), pressað og látið renna af.  
2 msk. næringargeri  
1 tsk. garam masala  
1/2 tsk. túrmerik  
1/2 tsk. paprikakrydd  
Salt og pipar eftir smekk  
Olía til steikingar

### Fyrir sósuna:

2 msk. vegan smjör eða olía  
1 laukur, smátt saxaður  
3 hvítlauksrif, söxuð  
1 stk. ferskt engiferi, rifið  
1 tsk. garam masala  
1 tsk. malað kúmeni  
1 tsk. malað kóríander  
1/2 tsk. túrmerik  
1/2 tsk. paprika  
1 dós af hægelduðum tómötum  
1 bolli af kókosmjólk  
2 msk. af tómattauki  
1 msk. af hlynsírópi eða sykri (valfjálst, fyrir sætleika)  
Salt eftir smekk  
Ferskt kóríander til skrauts

Forhitið ofninn í 200°C. Skerið pressað tófú í hæfilega stóra teninga og setjið í skál.

Í skál skaltu sameina næringargerið, garam masala, túrmerik, papriku, salt og pipar. Blandið vel saman.

Blandið tófúteningunum í

Ég skora á hinn nýjungagjarna Ingvar Kristjánsson sem hræðist ekki að fara út fyrir rammann í matargerð. Ef ég þekki hann rétt þá eignum við von á einhverju spennandi og framandi frá honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is  
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



kryddblönduna þar til þeir eru húðaðir.

Hitið olíu á pönnu við meðalháan hita. Bætið tófúteningunum út í og eldið þar til þeir eru brúnir á öllum hliðum. Einnig er hægt að baka tófúteningana á ofnplötu í 20-25 mínutúr þar til þeir eru stökkir.

Braðið vegan smjörið í stórum potti eða hitið olíuna yfir meðalhita. Bætið söxuðum lauknum út í og steikið þar til hann verður hálfgagnsær.

Bætið hakkaða hvítlauknum og rifnu engiferinu í pottinn. Eldið í aðrar 2 mínutúr.

Hrærið garam masala, möluðu kúmeni, möluðu kóríander, túrmerik og papriku saman við. Eldið í eina mínutú til að rista kryddin.

Bætið við hægelduðum tómötum, kókosmjólk, tómatmauki og sírópi eða sykri. Hrærið vel til að sameina allt hráefnið.

Lækkid hitann í lágan og látið sósuna malla í um 15-20 mínutúr og leyfið bragðinu að blandast saman. Kryddið með salti eftir smekk.

Færðu sósuna yfir í blanda. Fórum varlega hérra, þetta er heitt.

Setjið sósuna aftur í pottinn. Bætið soðnu tófúteningunum út í og látið malla í 5-10 mínutúr til viðbótar til að leyfa því að drekka í sig bragðið.

Berið fram yfir hrísgjónum eða með naan-brauði. Skreytið með fersku kóríander.



## Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:  
Páll Jónsson  
Útg. Bókáutgáfan HÓLAR

Kenndur er við hafið hann,  
hefur leikið ráðamann.

Á velli þykir flott að fá,  
finnst með skalla Konum hjá.

Svar við gátu í blaði 2700: LAG  
1. Sönglag - 2. í lagköku  
3. Spjótag

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ristjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglysingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjan fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglysingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellissíðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

# Lausar stöður í Þjórsáskóla



Þjórsáskóli

## Kennari

Um er að ræða 100% stöðu kennara frá 1. ágúst 2023. Helstu verkefni eru umsjónarkennsla með miðstigi, auk kennslu í íslensku, samfélagsfræði og textílmennt frá 1-7 bekk.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni er umsjónarkennsla á miðstigi auk kennslu í íslensku, samfélagsfræði og textílmennt fyrir 1-7. bekk í samræmi við megin markmið aðalnámskrár Þjórsáskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu.
- Reynsla af kennslu í íslensku á miðstigi
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og ánægja af starfi með börnum
- Faglegur metnaður og færni til að vinna að fjölbreyttum verkefnum.
- Jákvæðni gagnvart skólaprórun
- Hæfni til að skapa hvetjandi námsumhverfi í takt við aðalnámskrá
- Hæfni til að leggja mat á stöðu og framfarir nemenda.
- Hæfni til að hafa í störfum sínum velferð og menntun nemenda að leiðarljósi og koma fram við þá af virðingu og fagmennsku sem byggist á lýðræði og jafnrétti.
- Hæfni til að vinna að jákvæðum skólabrag og öruggu skólaumhverfi og stuðla að samfélagslegri ábyrgð nemenda.
- Hæfni til að stuðla að farsælu og uppbryggilegu samstarfi við heimili og forsjáraðila nemenda á jafnréttisgrundvelli.
- Hæfni til að vera faglegur leiðtogi sem leggur sig fram um að skapa umbótamiðað lærðómssamfélag og taka ábyrgð á eigin starfsþróun.
- Hreint sakavottorð

## Frekari upplýsingar um starfið.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjaramningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þjórsáskóli er grunnskóli fyrir 1-7. bekk. Nemendur eru rétt rúmlega 40 talsins og er þeim kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsáskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útkennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að skapa og endurnýta úr því efni sem við fáum úr umhverfinu í kringum okkur. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því. Þjórsáskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Á heimasiðu skólans, [www.thjorsarskoli.is](http://www.thjorsarskoli.is), eru frekari upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Fólk, óháð kyni, er hvatt til að sækja um.

Umsækjandi má hvorki hafa hlotið refsídum vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 né hafa hlotið refsídum fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því í auglýsingu að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittr fræðslu til hans þar að lútandi. Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch, skólastjóri, sími 895 9660 netfang : bolette@thjorsarskoli.is

## Umsóknarfrestur er til 26. maí 2023.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskíteinum, sakavottorði og upplýsingum um fyrri störf sendist í tölvupósti á bolette@thjorsarskoli.is.

## Kennari í tónmennt

Um er að ræða 20% stöðu kennara í tónmennt frá 1. ágúst 2023.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni er kennsla í tónmennt fyrir 1-7. bekk í samræmi við megin markmið aðalnámskrár Þjórsáskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu.
- Reynsla af kennslu í tónmennt.
- Þekking og reynsla af tónmennt.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og ánægja af starfi með börnum
- Faglegur metnaður og færni til að vinna að fjölbreyttum verkefnum.
- Jákvæðni gagnvart skólaprórun
- Hæfni til að skapa hvetjandi námsumhverfi í takt við aðalnámskrá
- Hæfni til að leggja mat á stöðu og framfarir nemenda.
- Hæfni til að hafa í störfum sínum velferð og menntun nemenda að leiðarljósi og koma fram við þá af virðingu og fagmennsku sem byggist á lýðræði og jafnrétti.
- Hæfni til að vinna að jákvæðum skólabrag og öruggu skólaumhverfi og stuðla að samfélagslegri ábyrgð nemenda.
- Hæfni til að stuðla að farsælu og uppbryggilegu samstarfi við heimili og forsjáraðila nemenda á jafnréttisgrundvelli.
- Hæfni til að vera faglegur leiðtogi sem leggur sig fram um að skapa umbótamiðað lærðómssamfélag og taka ábyrgð á eigin starfsþróun.
- Hreint sakavottorð

## Frekari upplýsingar um starfið.

Um er að ræða 20% starf. Laun eru samkvæmt kjaramningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.



## Nýjar fréttir á hverjum degi!



Hjartans þakkar til allra sem sýndu okkur stuðning, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástökars eiginmanns míns, föður og sonar,



Ármanns Höskuldssonar

Sérstakar hlýjar þakkar til hlutaðeigandi starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir framúrskarandi umönnun og þjónustu.

Bjarnheiður Hauksdóttir

Jóna Lára, Perla Dís og Eydís Björk  
Sigurleif Guðfinnsdóttir  
og fjölskyldur.



20. MAÍ FRÁ 14 - 17.

### SMIÐJUPRÆÐIR UPPSKERUHÁTIÐ



Verið velkomin á uppskeruhátið safnsins á verkefninu Smiðjupræðir sem hafa ferðast til allra skóla í Árnessýslu sl. ár. Til sýnis verða verk barna sem tóku þátt og svo mun Gunnar Helgason koma og lesa upp fyrir börnin.



Vigdís Haflidadóttir úr hljómsveitinni FLOTT flytur nokkur lög. Boðið verður upp á Árnesinga-smiðju þar sem hægt verður að búa til sitt eigið listaverk í anda Halldórs Einarssonar.

Boðið verður upp á veitingar og öll velkomin.



## Skannað og skundað í Vík og Þorlákshöfn

**V**iðskiptavinir Krónunnar í Þorlákshöfn og Vík í Mýrdal geta frá og með síðustu viku bæði notað sjálfsafgreiðslukassa eða skannað vörurnar með símanum og greitt fyrir innkaupin í Snjallverslunarappi Krónunnar. Um tímamót er að ræða því núna geta viðskiptavinir Krónunnar gengið að sömu afgreiðsluslausnum í öllum verslunum um land allt.

Krónan ákvað í desember síðastliðnum að breyta Kr. verslunum sínum á Þorlákshöfn og Vík í Krónuverslanir. Unnið hefur verið að því síðustu mánuði að uppfæra verslanirnar og fera þær í sama form og önnur útibú Krónunnar. *Opnum sjálfsafgreiðslukassa í Þorlákshöfn og innleiðing Skannað og skundað í báðum verslunum markar lokahnykkinn á því ferli.*

*Skannað og skundað* er afgreiðslulausn í smáforriti Krónunnar sem gerir viðskiptavinum

kleift að skanna strikamerki vara beint í símann sinn. Þá birtist verð og aðrar upplýsingar um vöruna og varan bætist samstundis við körfuna. Viðskiptavinir greiða svo í gegnum appið og geta gengið út úr versluninni án þess að þurfa að fara á kassa. *Skannað og skundað* var ýtt úr vör haustið 2021 og hefur síðankandi hópur viðskiptavina tamið sér lausnina við innkaup sín.

Ingólfur Árnason, verslunarstjóri Krónunnar í Þorlákshöfn,

segist líta mjög vel á að fá *Skannað og skundað* í verslunina. „Ég hef prófað þetta á Selfossi og nýti mér það stundum þegar miklar raðir eru. Þetta mun breyta miklu fyrir viðskiptavini og ég veit að mörg eru spennnt fyrir þessu og ætla að nýta sér þennan möguleika,“ segir Ingólfur og bætir við að starfsfólk Krónunnar verði til taks og aðstoði viðskiptavini sem vilji læra á *Skannað og skundað*.



## Gaman að lesa fyrstu bækur nýrra höfunda segir lestrarhesturinn Ægir E. Hafberg

Ægir E. Hafberg fæddist í Reykjavík árið 1951 en fluttist til Flateyrar sem barn og ólst þar upp. Hann er því Vestfirðingur og er stoltur af því. Hann fór í Menntaskólanum á Akureyri og lærdi síðar viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Ægir starfaði mestan hluta starfsævi sinnar við bankastörf. Fyrst í gamla Iðnaðarbankanum, síðar sem sparisjóðsstjóri á Flateyri og síðustu 20 árin sem útibússtjóri Landsbankans í Þorlákshöfn. Ægir er kvæntur Margréti Thorarensen og eiga þau tvö börn og sex barnabörn.



### Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Nú er ég að lesa tvær skáldsögur, Játningu eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og bókina Gegg gangi leiksins eftir Braga Ólafsson. Ég las bók Ólafs Snertingu og varð mjög hrifinn og lofar bókin Játning mjög góðu. Það var fyrir áeggjan sonar míns að ég las bók Braga og varð ég nokkuð hrifinn. Bækur í takt við bók Braga eru þó ekki efstar á vinseldarlista hjá mér.

### Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Margar tegundir bóka höfða til míni. Ég hef mjög gaman af að lesa ævisögur og þá helst um útgerðarmenn eða burðarásá sinna samfélaga. Margir þeirra hafa barist úr sárár fátaekt en farnast vel og hafa þeir margt til málanna að leggja sem vert er að ihuga. Ég var lengi að samsvara mig við skáldverk Arnaldar Indriðasonar en nú hef ég lesið allar hans bækur og líkar vel. Einnig er ég hrifinn af spennusagna-

skrifum Ragnars Jónassonar.

### Fékkstu lestraruppeldi í æsku?

Við vorum sex systkinin og ég minnist þess ekki að lesið hafi verið fyrir okkur eldri börnini. Það var lagt að okkur að læra að lesa og lærdum við það ung og gátum því bjargað okkur sjálf með lestri. Það var gott bókasafn á heimilinu og vinsælasta jölagjöfin var mörg árin jölabók. Á mínum unglingsárum voru það bækur eftir Árman

Kr. Einarsson, Enid Blyton eða Alistair MacLean sem voru vinsælastar. Þetta voru ævintýra- og spennubækur sem við lásum spjaldanna á milli. Nú hef ég mikla ánægju af að lesa fyrir barnabörnin míni og einn afastrákurinn vill alltaf heyra sömu bókina og láum við það yfir okkur ganga.

### En hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Nú les ég aðallega á kvöldin og er ekki tilbúinn að fara að sofa fyrr en ég er búinn með einn eða two kafla í bókinni sem eru á náttborðinu. Ég minnist þess frá unglingsárunum þegar við bræðurnir háðum keppni um það hversu lengi við gátum lesið áður en við sofnuðum. Oft var lesið fram á miðja nótt, sérstaklega um jólaleytíð. Reyndar les ég enn dagblöðin á morgnana með hafragrautnum.

### Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?

Ég á marga uppáhalds höfunda og vil þar nefna Arnald Indriðason, Ragnar Jónasson og Jón Kalman Stefánsson og reyni



alltaf að lesa nýjustu bækur þeirra. Eins finnst mér gaman að lesa fyrstu bækur eftir nýja höfunda og gefa þeim þannig tækifæri.

### Hefur bok einhvern tímann rænt þig svefni?

Ég minnist þess að spennusagan Byssurnar frá Navarone eftir Alister MacLean var ansi spennandi og vakti ég langt fram á nött við lestur þeirrar bókar. Það getur líka verið spennandi að bæta við einum kafla í lestri hjá Arnaldi Indriðasyni þótt löngu sé kominn svefntími.

### En að lokum Ægir, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Það er margt sem ég hef tekið mér fyrir hendur en ég tel nokkuð öruggt að rithöfundur verð ég ekki. En gerðist það mundi ég vilja skrifa um lífið og tilveruna í litlu sjávarþorpi þar sem lífið snert um sjómennsku og svaðilfarir því ég starfaði á sjó í sumarleyfum öll míni námsár og hef alltaf haft taugar til sjómennskunnar.

Tillögur að Lestrarhestum má senda á [jonozur@gmail.com](mailto:jonozur@gmail.com)

# Oddi á Rangárvöllum í sviðsljósið

**A**dögunum heimsótti Lilja Dögg Alfreðsdóttir viðskipta- og menningarmálarádherra Odda á Rangárvöllum. Ágúst Sigurðsson formaður Oddafélagsins tók á móti rádherra og þar komu til fundar við hana sveitarstjórar hreppanna í Rangárþingi Anton Kári Halldórsson, Jón G Valgeirsson og Valtýr Valtýsson. Helgi Þorláksson prfessor fór yfir sögu og rannsóknir á ritmenningu Odda. Um aldir var Oddi eitt fremsta menningarsetur landsins ásamt Haukadal, Skálholti, Reykholti og Hólum.

Oddaverjar voru í eðli sínu friðsamir menntamenn og far-

sælir höfðingjar og ein af hinum stóru og valdamiklu ættum landsins. Sæmundur fróði er enn þjóðsagna persóna sem flestir kunna sögur af. Háskóli Íslands rekur stofnun Sæmundar fróða. Stofnunin er rannsókn- og kennslustofnun.

Ágúst gekk með gesti í Oddakirkju og fræddi þá um framtíðarsýn Oddafélagsins. Gestirnir hlustuðu á tónverk Gunnars Þórðarsonar á Gammabrekku eftir Matthías Jochumsson sem var prestur um tíma í Odda. Í kirkjunni var rætt um hugmyndir um uppbyggingu menningar- og fræðaseturs í Odda þar á meðal fjölnota menningarhús

„Sæmundarstofu.“ Oddi er einn af okkar allra merkstu sögustöðum þar bjó Sæmundur fróði Sigfússon og afkomendur hans í tvær aldir auk þess sem okkar helsti rithöfundur og sagnaritari Snorri Sturluson var þar í fóstri frá 3 ja ára aldri til 23 ára hjá Jóni Loftssyni sonarsyni Sæmundar fróða og hlaut þar menntun sína. Þriðja kona Snorra var svo Hallveig Ormsdóttir frá Breiðabólstað ríkasta kona landsins, sonardóttir Jóns Loftssonar. Þau gerðu með sér helminga-skiptafélag og bjuggu í Reykholti.

Kristborg Þórisdóttir gekk síðan með gestina og sýndi þeim fornleifarannsóknir eða Oddarannsóknirnar. Sem nú fara fram á staðnum. Vísbendingar eru um mann gerða hella frá miðöldum en áætluð stærð hellakerfisins syðst í túnum í Odda er um 400 fermetrar. Rannsóknir benda til að byggð hafi verið í Odda um og fyrir 950. Lilja Alfreðsdóttir hét Oddafelaginu sínum stuðningi við hin stórhuga áform og gerðist félagi í Oddafelaginu.



## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélagini Árborg



### Deiliskipulagsbreyting - Larsenstræti, á Selfossi

Samkvæmt 3. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Larsenstræti.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti tillögu að breytingu deiliskipulags í Larsenstræti þann 18.1.2023.

### Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 13.4.2023, að loknum auglýsingartíma eftirfarandi:

Tillaga frá 3. fundi skipulagsnefndar, frá 22. mars, liður 2. Deiliskipulagsbreyting - Larsenstræti. Lögð var fram að lokinni auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustulóða í Larsenstræti. Tillagan gerði ráð fyrir að lóðir nr. 4, 6, 8, 10, 12 og 14 yrðu sameinaðar í eina lóð, og að nýtingarhlutfall sameinaðra lóða verði 0,33. Aðkoma að lóðunum yrði sem fyrir frá Larsenstræti en einnig yrði gert ráð fyrir aðgangsstýrðri aðkomu að sameinaðri lóðfrá Gaulverjabærjarvegi. Sú tenging er einungis hugsuð fyrir þungaflutninga og stórar flutningabifreiðar og ekki ætluð almennri umferð. Tillagan var auglýst frá 25.1.2023 til og með 8.3.2022. Ein athugasemdir barst, frá Hestamannafelaginu Sleipni, þar sem óskað var eftir að sett yrði kvöð á lóðarhafa um uppsetningu á hárrí ógegsæri girðingu og um niðursetningu trjágróðurs á lóðarmörkum til suðurs. Þá var gerð athugasemdir við akstursleið af lóð inn á Gaulverjabærjarveg, og tekið fram að með þeiri tengingu væri öryggi hestamanna ógnað. Skipulagsnefnd telur að aðkoma fyrir stóra bíla af Gaulverjabærjarvegi, væri betri lausn til að tryggja að stærri ökutækni væru ekki að athafna sig of mikil innan lóðar, auk þess sem ekki var talið heppilegt að umferð stærri ökutækja væru alfaríð beint í Larsenstræti. Skipulagsnefnd benti á að í tillögu væri kvöð um 3m háa lokaða girðingu utan um athafnasvæði. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og fóli skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu til samræmis við 41. gr. sömu laga, og senda Skipulagsstofnun tillöguna í samræmi við 42. gr skipulagslaga, og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda. Lagt er til við bæjarstjórn samþykktja tillöguna í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu til samræmis við 41. gr. sömu laga, og senda Skipulagsstofnun tillöguna í samræmi við 42. gr skipulagslaga, og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

Bragi Bjarnason, D-lista tekur til mál. Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 11 atkvæðum.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi

## Aðalfundur Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholti 19, á Selfossi miðvikudaginn 7. júní 2023 og hefst kl 14:00

**Dagskrá:**  
Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

### Stjórn Kaupfélags Árnesinga



## Lausar stöður í Bláskogaskóla Laugarvatni

Bláskogaskóli Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt fristundarstarfi. Nemendur á leikskóladeild eru um 25 og um 60 í grunnskóla. Lögð er áhersla á fjölbreyttu kennsluhætti og er útinám stóráttur í stefnu skólans.

### Kennarastöður lausar til umsóknar:

- Deildarstjóri á leikskóla - yngri deild 100%
- Leikskólakennarar á leikskóladeild 100%
- Tungumálakennsla á mið- og ungligastigi 50-80%
- Smíðakennsla, hlutastarf

### Aðrar stöður lausar til umsóknar:

- Aðstoðarmatráður í grunnskóla 50%
- Starfsmaður í eldhús leikskóla 100%

### Önnur starfshlutföll geta komið til greina

Umsókn með fylgigögnum skal senda á netfangið elfa@blaskogaskoli.is

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari/leikskólakennari.
- Góð samskiptahæfni, vilji til páttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Ahugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð samskiptahæfni og vilji til páttöku í samstarfi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Umsóknarfrestur er til 29. maí 2023



## Vortónleikar Hörpukórsins á Selfossi

Vortónleikar Hörpukórsins verða í Selfosskirkju laugardaginn 20. maí kl. 14:00.

Ungir sögnemar úr Tónsmiðju Suðurlands munu syngja með Hörpukórnunum. Stefán Þorleifsson er stjórnandi kórsins og annast undirleik ásamt hljóm-sveit.



Einnig syngur Hörpukórið messu í Selfosskirkju á uppstigningadag.



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



### Breyting á reit S2 í aðalskipulagi og á deiliskipulagi Finnmarkar í Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. maí 2023 að auglýsa samhlíða breytingu á reit S2 Finnمورk-Réttarheiði og aðliggjandi opnu svæði í Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og deiliskipulagi Finnmarkar í samræmi við 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðal- og deiliskipulagsbreyting eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. sömu laga.

Markmið skipulagsbreytinganna er að stækka reit S2 fyrir samfélagsþjónustu, fjölga leikskóladeildum, stækka byggingareit og heimila aukið byggingarmagn til þess að koma til móts við fjölgun leikskólabarna í Hveragerðisbæ.

### Deiliskipulagsbreyting ferðapjónustusvæðis við Árhólma í Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. maí 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipuagi Árhólma skv. 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagbreytingar er að byggja upp heilstæða ferðapjónustu sem þjónar breiðum hópi ferða- og heimafólks og er áhugavert svæði og áfangastaður í sjálfu sér. Skilmálar eru um heildaryfirbragð bygginga verði í vistvænum anda og um góða aðlögun að landi, ásýnd og staðaranda.

Tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingum liggja frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 15. maí 2023 og eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi þann 25. júní 2023 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið hildur@hveragerdi.is

**Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar**

## Ógleymanleg Ítalíuferð kórs Menntaskólans að Laugarvatni

Þann 19. apríl sl. hélt kór Menntaskólans að Laugarvatni, samtals 117 meðlimir ásamt 6 starfsmönnum, til Ítalíu í 6 daga tónleika- og skemmtiferð. Nánar tiltekið til Bolzano í Suður-Tíról, guðdómlegur staður umkringdur fjöllum, vínekrum og fallegum byggingum. Flogið var til München og tók við 4 tíma rútuferð eftir lendingu.

Á áfangastað komu þreyttir ferðalangar sem voru þó tilbúin í að smakka ekta ítalskar pizzur og vorum við aldeilis ekki svíkin af þeim. Daginn eftir fengum við leiðsögn um bæinn þar sem Erlendur Þór Elvarsson leiðsögumaður fræddi okkur um borgina og leiddi okkur um þróng strætin. Það var hlýtt í veðri þennan dag en þó rigndi af og til.

Kórinn var beðinn um að syngja í þremur kirkjum á leið okkar sem var ágætis upphitun fyrir fyrri tónleikana sem voru á dagskrá um kvöldið. Tónleikarnir voru haldnir í tónleikasal tónlistarskóla Bolzano, sungin voru íslensk og ensk lög í bland ásamt því að kórinn tók ítalska lagið Bella Ciao. Heppnuðust tónleikarnir afar vel og

þótti áhorfendum sérstaklega skemmtilegt að heyra kórinna syngja á ítölsku. Fengu þau dynjandi lófatak sem varð til þess að sungin voru þrjú aukalög.

Það var mikil spenna fyrir degi 3 þar sem á dagskrá var skemmtigarðurinn Gardaland. Keyrt var í tæpa two tíma í suðurátt. Spáin sagði rigning en við vorum mjög heppin og fengum fínasta veður og urðu flest andlit rauð og sæleg. Skemmtum við okkur vel í alls konar adrenalin-tækjum sem glöddu mannskapinn.

Á laugardeginum vöknudum við upp við skínandi sól og varð þetta heitasti dagurinn okkar. Frjáls tími var fram yfir hádegi og skelltu einhverjur sér á markað og í búðir á meðan aðrir náðu upp svefn. Síðan var lagt af stað til Bressanone þar sem við skoðuðum bæinn og borðuðum saman pasta fyrir seinni tónleika ferðarinnar. Þessir tónleikar voru haldnir í glæsilegri kirkju þar sem hljómburður var einstaklega fallegur. Góð mæting var í kirkjuna og tónleikagestir héldu sáttir út í nóttina.

Síðasta daginn okkar í Bolzano fórum við með kláf og lest

upp til Soprabolzano og Costalovara/Wolfsgruben. Náttúrufegurð Alpanna er mögnum þó að einhverjir hafi fundið aðeins fyrir lofthraðslu á leiðinni upp með kláfnum. Uppi í fjallabörpinu fórum við á Plattnerhof safnið sem er um 600 ára gamall sveitabær og nú einnig bíflugnasafn. Fengum við einstaklega fræðandi kynningu um bíflugurnar og innsýn inn í bændasamfélagið sem menni Suður-Tíról er sprottin upp úr. Eftir kvöldmat var haldið af stað á farfuglaheimilið þar sem meðlimir kórsins voru með æfð atriði fyrir kvöldvökum, það voru sagðir brandrarar, farið í leiki, samin ljóð og sungið. Hið fínasta lokavöld á afar vel heppnadrí Ítalíuferð.

Skipuleggjendur ferðar sem og fararstjórar Eldhúsferða sem voru með okkur eru afar þakklát fyrir hvað allt saman gekk vel. Krakkarnir héldu hópinn, voru stundvís og fóru eftir reglum. Virkilega vel heppnuð ferð í alla staði þar sem kórmeðlimir voru skóla og landi til mikils sóma.

Magrét Elín Ólafsdóttir  
Verkefnastjóri ML-kórsins



## Sárt og vandasamt en vel fært verkefni

Kjartan Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar metti í vöflukaffi hjá Framsókn í Árborg þar sem hann fór yfir 9 ára sögu Reykjanesbæjar sem var nánast gjaldþrota árið 2014 og var mjög illastatt fjarhagslega en er í góðum málum í dag. Í fróðlegu erindi fór Kjartan yfir hvernig þau hefðu markvisst náð samstöðu við lánadrottina og haft með sér í ráðum samband íslenskra sveitarfélaga og KPMG og bæjarstjórn var samtaka, nánast þjóðstjórn. Þau giltu fjögur slagorð; hugarfar, ábyrgð, metnaður og seigla.

Hann óskaði Árborg velfarnaðar og taldi að hér væri margt búið að gera vel sem stæði til framtíðar og nú væri þetta stórt verkefni en hann sagði að Reykjanesbær hefði verið fjarhagslega miklu verr staddir en Árborg er í dag. Þar hafi verið búið að selja burtu stóran hluta af innviðum bæjarins sem nú er búið að kaupa til baka, eins og skólanum og fleira. Kjartan taldi ekkert að vandbúnaði fyrir Árborg að rétta fjarhaginni við á næstu árum. Það væri vissulega sárt og vandasamt en að þetta yrði mjög fær leið.






# Svf. Árborg í 25 ár, í tölum

Um þessar mundir á Svf. Árborg 25 ára afmæli í Svf. Árborg varð til árið 1998 með sameiningu Selfosskaupstaðar, Eyrarbakkahrepps, Stokkseyrarhrepps og Sandvíkurhrepps. Á slíkum tímamótum er forvitnilegt að skoða hvernig íbúafjöldi og aldursþópaskipting kvarthundrað ára sveitarfélagsins hefur þróast frá stofnun þess.

## Mannfjöldaþróun í Svf. Árborg

Íbúafjöldi við stofnun sveitarfélagsins árið 1998 var um 5.500 íbúar. Í dag búa í sveitarféluginu rétt tæplega 11.400 íbúar skv. nýjustu tölum. Íbúafjöldinn hefur því riflega tvöfaldast á þessum 25 árum. Á árabilinu 1998 til 2005 var nokkuð stöðug íbúafjölgun á milli ára, um 150-200 íbúar, þegar íbúafjölgunin tók kipp árið 2006 til ársins 2009 en þá bættust við 300-400 íbúar á ári. Íbúafjöldinn í byrjun árs 2009 náði tæplega 8.000 íbúum og þannig hélst íbúafjöldinn allt til ársins 2015 þegar íbúum fór að fjölgja á ný. Sérstaða Svf. Árborgar á þessu árabilinu (2009-2015) var sú að íbúafjöldi stóð nokkurn vegum í stað á meðan í mörgum öðrum sveitarfélögum landsins fækkaði íbúum töluvart. Ekki þarf að rifja upp sérstaklega hvers vegna sú staða sem ríkti á því árabilin þ.e. 2009-2015





verið tölvert yfir landsmeðaltali ef undanskilið er tímabilið 2010-2014.

Einnig má sjá að aldurssamsetning íbúa í Svf. Árborg hefur tekið tölverðum breytingum frá því hvernig samsetningin var árið 1998 í samanburði við landsmeðaltal. Árið 1998 bjuggu í sveitarféluginu hlutfallslega tölvert fleiri 75 ára og eldri hér en að meðaltali annarsstaðar á landinu, eða um 15% fleiri. Í dag er staðan tölvert önnur. Yngsti aldursþópurinn er nú sá hópur íbúa sem er hlutfallslega tölvert fjölmennari en gerist á landsvísu, eða 12% yfir landsmeðaltali, fór mest í 15% árið 2019.

Frá árinu 1998 hefur börnum á leik- og grunnskólaaldri fjölgá úr 1350 í um 2300 eða 71% sem er ívið mimmu hlutfallsfjölgun en heildaríbúahlutfallsfjölgunin fram til þessa (2023) sem skýrist m.a. af því að þjóðin er að eldast og því fjölgar hlutfallslega meira í eldri aldursþópum en þeim yngri eins og sjá má að framan.

**Tómas Ellert Tómasson,**  
byggingarverkfræðingur og  
fyrri. bæjarfulltrúi í Svf. Árborg.



## Aðstoðarskólastjóri 100% starf



Virðing • Vináttu • Gleði

Bláskógaskóli Laugarvatni er sambættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur á leikskóladeild eru um 25 og um 60 í grunnskóla. Starfsmenn eru 25 talsins. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi sem hefur víðtæka reynslu og þekkingu af skólastarfi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Starfa í stjórnunarteymi samrekins leik- og grunnskóla.
- Styðja við og þroa skólastarfið í heild.
- Veita faglega forystu.
- Starfa eftir aðalnámskrá grunn- og leikskóla.



Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ eða FSL. Umsókn fylgi kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir, skólastjóri, í síma 868 3035.

Umsókn með fylgigögn skal send á netfangið [elfa@blaskogaskoli.is](mailto:elfa@blaskogaskoli.is)

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2023



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**  
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Attu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkní Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi. Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkní**  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efð, fimmtudaga kl. 20:30.

## HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ymiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímum og sjá löngu liðona atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og svæðanudd** -

**Heiðar Ragnarsson**  
Heilsulindinni í Miðgarði  
s. 8981501

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
**S. 662 1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**KJARNA BÓKHOLD**  
Bókhald • Framtíð • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.  
Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is  
**Ráð í rekstri!**

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
**Bókhald - ráðgjöf skattskil**  
**þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**  
**Persónuleg þjónusta**



**VH Tækjaleiga**  
Til leigu 2,8 tonna minigraf. Upplýsingar í síma 892 5741.

## FUNDIR

### Vöfflukaffi

Vöfflukaffi laugardaginn 6. maí, milli kl. 11:00 og 12:00 á Eyravegi 15, Selfossi. Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar mætir í spjall. Allir velkomnir.

## ÞJÓNUSTA

### Smiður óskar eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnrétingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

# Egill Blöndal vann eina gull Íslands

Fannar Þór Júlíusson og Egill Blöndal voru valdir í landsliðshóp Íslands sem fór til Noregs á Norðurlandamótíð í Drammen þann 13.-14. maí. Þetta var fyrsta Norðurlandamót Fannars en hann kepti í U18 og U21 aldursflokkini.

Egill Blöndal kepti í -100 kg í seniora flokki og vann sinn riðil með 3 ippon. Í undanúrlitum mætti hann Norðmanninum Bård og vann hann á stigum. Í úrlitum mætti Egill Sviánum Nestor sem var einnig búinn að vinna allar sínar glímur og vann hann eftir kast á seinstu mínu síðu sem hann hélpt út. Var þetta eina gull Íslands á móti.

Fannar Þór er á yngsta ári í U18 en léti það ekki stoppa sig og kepti í U21 líka. Fannar tapaði sinni fyrstu glímu á móti Sviánum Zacharias en fékk uppreisn á móti Norðmanninum Liam eftir 8 mínu síðu glímu á flottu ippon kasti. Fannar endaði í 16. sæti í U18 og meiddist á öxl. Í U21 fékk hann mjög reynda og góða andstæðinga og tappaði báðum glímum.



## KIRKJUR

**Selfosskirkja**  
Uppstigningardagur 18. maí og dagur aldraðra. Guðspjónusta kl. 11:00. Hörpukórið leidir söng undir stjórn Stefáns Þorleifssonar.

Messa sunnudaginn 21. maí kl. 11:00. Kirkjukórið syngur. Sunnudagaskóli kl. 11:00, öll börn alltaf velkomín!

Morgunbærir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Minnum á opna söngstund fimmtudaginn 23. maí kl. 19:30.

## AÖVENTISTAR

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 20. maí. Bibliulexiur kl. 11 og guðspjónusta kl. 12, Birgir Óskarsson prédikar. Verið velkomín.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**  
Sunnudaga kl. 11. Samkoma sunnudagaskóli og kaffiveitingar. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is. Pentecostal Church in Selfoss. Sunday service at 11 am. English translation available. Everyone is welcome.

## BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi  
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777  
Yfirbygggingar - Réttigar Bílamálun - Rúðuskipti

## TIL LEIGU



**Hjólhýsi til útleigu**  
Hef til útleigu T@B Dropa hjólhýsi, 2 manna. Öll tól og tæki fylgja í leigunni m.a. gas. Vagninn er staðsettur á Selfossi. Sími 699 5407 (Guðjón).



# Fertugur Fjölbautaskólkakóra

Sunnudaginn 30. apríl síðastliðinn hélt Kór Fjölbautaskóla Suðurlands hátiðlega afmælistónleika í Selfosskirkju, en á þessu ári eru 40 ár síðan kórinna var stofnaður. Í upphafskynningu kórfélaga kom fram að Heimir Pálsson, fyrsti skólameistari skólangs, hafi orðið við ósk nokkura nemenda vorið 1983 um að stofnaður yrði kór við skólan. Sjálfur hefur hann sagt frá því í ræðu og riti að hann hafi já farið fram á það við nokkra karlkyns kennara að þeir mættu á kóraefingar – en til að byrja með sóttu ekki margir strákar í kórstarfið. Það breyttist þó fljóttlega, en lengi vel voru nokkrir kennarar virkir kórméðlimir.

Kórinna starfaði svo sleitulaust í meira en 30 ár, lengst af undir stjórn Jóns Inga Sigurmundssonar. En síðan varð hlé á kórsöng í FSu um nokkurra ára skeið. Það var svo síðastliðið haust að sagan endurtók sig. Nemendur fóru á fund skólameistara og óskuðu eftir stuðningi við að endurvekja kórinna. Það tókst og nú æfa um 30 nemendur seinnipartinn á þriðjudögum undir stjórn Stefáns Þorleifssonar sem fenginn var til að stjórnuna kórunum.

Dagskráin þetta sunnudagskvöld var afar fjölbreytt en flest lögur voru í léttari kantinum enda heil hljómsveit sem sá um undirleikinn. Hana skipuðu Sveinn Pálsson á gítar, Róbert Dan á bassa og Páll Sveinsson á trommur og svo kórstjórinn sjálfbærlega og fengu mikil viðbrögð áhreyrenda að flutningi loknum.

Þetta voru glasilegir afmælistónleikar hjá kór FSu sem gáfu fyrirhópi um eitthvað ennþá meira og stærra í framtíðinni. Takk fyrir tónleikana og gangi ykkur vel á tónlistarbrautinni.

*Sigþrúður Harðardóttir*

## Hlíðarhjálmar til allra 7 ára barna á Íslandi

Hjálmarnir hafa breyst talsvert frá því í fyrstu og nýtast nú við fjölbreyttari tómsundaiðkun en áður. Auk þess sem stór flötur hjálmsins virkar sem endurskinsmerki. Hjálmarnir henta mjög vel fyrir börnin hvort sem þau eru á hjóli, hjólaskautum eða hjólabretti.

### Búrfell á Selfossi

Petta forvarnarstarf hófst hjá Kiwanisklúbbnum Kaldbak á Akureyri 1991. Við í Kiwanisklúbbnum Búrfelli á Selfossi tókum þetta verkefni að okkur árið 1997 og höfum haft umsjón með því á okkar félagssvæði síðan, í 27 ár.



### Ómetanlegt framlag

#### Eimskipið í 20 ár

Fyrstu 7 árin öfлуðum við fjár til þessa verkefnis hjá tryggingafélögunum auk framlags úr félagsjóði klúbb eins. Samstarf við Eimskip hófst 2004. Frá þeim tíma hefur Eimskip kostað verkefnið bæði innkaup og flutninga til landsins og dreifingu heim til skólanna.

Síðustu 20 árin hefur þetta forvarnarstarf náð til allra 7 ára barna á landinu. Þar sem kiwanisklúbbar eru starfandi, annast þeir þar afhendingu á hjálminnum. Það er ávallt mikið fagnaðarefni að fá tækifæri að afhenda brosandi börnum þetta sjálfssagða öryggistæki. Það er erfitt

að réttlæta þá andhverfu einstakra skólayfirvalda á höfuðborgarsvæðinu að þetta framtak Eimskipið í öryggismálum barna megi ekki njóta eðlilegrar kynningar og afhending hjálmannna sé óheimil innan veggja skólanna.

Foreldrum mikill fengur er sú farsæld hverju sinni, ef hjólandi barnið hjálminn ber á höfði í umferðinni.

### Óskabörnin okkar

Petta er óskaverkefni okkar allra. Í upphafi var Eimskipafélag Íslands „óskabarn þjóðarinnar“ en nú hefur Eimskip í samvinnu við Kiwanishreyfinguna gert þetta verkefni að „óskabarni“ sínu. Öll 7 ára börnin eru „óskabörnin okkar“ Eimskipi, trausta átakið í okkar slysavörnum.

Með vänsta hjálma verkefnið er veitist landsins börnum.

Hjörtur Þórarinsson,  
félagi í Kiwanisklúbbnum  
Búrfelli



Vortónleikar 2023

## Hörpukórinn auk einsöngvara og hljómsveitar

í Selfosskirkju  
laugardaginn 20. maí kl. 14:00

Stjórnandi:  
**Stefán Þorleifsson**

Aðgangseyrir 3.000 kr. (enginn posí)



## Vor í Árborg

Menningar- og bæjarhátið Min Vor í Árborg var haldin frá sumardeginum fyrsta, 25. apríl til sunnudagsins 28. apríl og bauð upp á fjölbreyttu dagaskrá fyrir alla aldurshópa.

Íbúar og gestir í Árborg nýttu sólardagana í lok apríl og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá, þar sem fastir liðir og nýjir fylltu fjörgurra daga dagskrá.

I ár gátu gestir og gangandi



notið fjölda viðburða þá fjóra daga sem hátfðin stóð yfir



## Laus störf skólastjóra og kennara við Tónskóla Mýrdalshrepps



Mynnf. Þórir N.E.

### Helstu verkefni

- Daglegur rekstur og stefnumótun
- Þátttaka í menningarstarfi í sveitarfélagini
- Fjölbreytt hljódfærakennsla
- Samstarf við foreldra og leik- og grunnskóla

### Hæfniviðmið:

- Háskólapróf í tónlist
- Reynsla af kennslu og meðleik
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska

### Frekari upplýsingar:

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ

- Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi

- Starfið er laust frá og með byrjun skólaárs 2023-2024

Umsóknarfrestur: 1. júní 2023

Umsóknir berist í tölvupósti: sveitarstjori@vik.is

Frekari upplýsingar veitir Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri í síma 487-1210

Störfin bjóða spennandi tækifæri til þess að taka þátt í að móta tónlistarstarfi í lifandi og örт vaxandi fjölmenningsamfélagi Sveitarfélagið vinnur að uppbyggingu og þróun skólasvæðisins í Vík með það fyrir augum að geta boðið nemendum og starfsfólk úrvals starfsaðstöðu

Mýrdalshreppur





Tölvuteiknuð mynd af seinni áfanga miðbæjar Selfoss. Mynd: Aðsend.

## Rafræn íbúakönnun um seinni áfanga miðbæjarins

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum síðastliðinn mánudag að hin rafræna íbúakönnun um miðbæinn, sem fyrst var kynnt í nóvember, muni standa yfir í eina viku og hefjast á morgun, fimmtudaginn 18. maí.

Könnunin snýst um breytingu á núverandi deiliskipulagi í þeim tilgangi að bæta tengsl miðbæjarhverfisins við Sigtúnsgardinn. Breytingin var tekin fyrir í skipulagsnefnd Árborgar í janúar á þessu ári og í framhaldinu í bæjarstjórn. Í febrúar var breytingin auglýst samkvæmt lögum og frestur íbúa til að gera athugasemdir rann út rétt fyrir pásku. Aðeins bárust tvær umsagnir sem brugðist hefur verið við. Fyrir lokaafgreiðslu málsins var ákveðið að kanna hug íbúa til málsins með þessari könnun.

Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar, segir mikilvægt að kalla eftir álti bæjarbúa með þessum hætti. „Þó ekki sé um að ræða bindandi formlega kosningu, heldur ráðgefandi könnun sem bæjarstjórn lítur til við endanlega afgreiðslu máls-

ins þá skiptir miðbæjaruppbýggingin og allt sem henni fylgir okkur öll miklu máli. Ég hvet alla til þess að taka þátt. Það er mjög einfalt að gera með síma eða tölvu og tekur aðeins nokkrar sekúndur,“ segir Bragi.

Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtúns Próunarfélags, segir að þrátt fyrir að miðbæjaruppbýggingin hafi fengið gríðarlega jákvæd viðbrögð þá hafi Sigtún lagt áherslu á að sveitarfélagið leitaði álits íbúa á þessari breytingu, þó lítil sé. „Það er af prínspástæðum. Íbúa samþykktu núverandi deiliskipulag miðbæjarins í íbúakosningu í ágúst 2018. Sá stuðningur var okkur gríðarlega mikilvægur. Nú þegar seinni áfangi verkefnisins er að hefjast og kalla á breytingu á þessu sama skipulagi þá finnst okkur skipta máli að íbúa séu upplýstir og geti sagt sína skoðun,“ segir hann.

„Aðalmunurinn á gildandi skipulagi og því nýja felst í að gert verður opnið almenningsvæði, sem kalla mætti flangt

torg eða göngugötu, þar sem Sigtúnsgarður og miðbæjarbyggingar mætast. Það býður upp á mjög skemmtilega möguleika, þar sem miðbærinn snýr „andlítinu“ betur en áður að garðinum. Við þetta færast lóðamörkin til, og það kallar meðal annars á deiliskipulagsbreytinguna,“ segir hann.

Allir íbúa Árborgar, 18 ára og eldri, geta tekið þátt í könnuninni með rafrænum skilríkjum. Spurt verður einnar já/nei spurningar um það hvort svarandi sé hlynntur breytingartillögunni er varðar uppbýggingu á miðbæ Selfoss í samræmi við fyrirliggjandi samkomulag við Árborg og tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

Opinn kynningarfundur fyrir íbúa um málið verður á Sviðinu í miðbænum mánudaginn 22. maí kl. 17:30. Fundarstjóri verður Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri og munu Leó Árnason stjórnarmaður Sigtúns og Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs, kynna breytinguna og svara spurningum.

Við prentum ljósmyndir  
[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Pantaðu ljósmyndaprentun  
í öllum algengustu  
ljósmyndastærðunum.



**FROST**

KÆLKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

**prentmet**

heildarausnir í prentun

**HREINSITÆKNI**

Stíflulosun  
Rotþróahreinsun  
Vélsópun  
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss  
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136  
www.hrt.is



Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi



**ÖKULAND**

Meirapróf  
Endurmenntun  
Aksturspjálfun  
okuland.is

**VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttningar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Réttинг og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

**480 8020**



**Bílverk BA**

Par sem fagmennumir viðna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bílverkba.is

**Pípulagnir Júlla**

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

**Lagnafjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
**482 2311** **696 2311**  
Skrifstofa **þjónustusími**



**NYTT**

**Vinnuvélanámskeið á netinu!**

[www.vinnuvelaskolinn.is](http://www.vinnuvelaskolinn.is)